



Tollstjóri

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Október 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
	3.1 Fjárheimildir	5
	3.2 Rekstraráætlun.....	5
	3.3 Niðurstöður/ábendingar	5
4	Innra eftirlit.....	6
	4.1 Inngangur	6
	4.2 Umfjöllun	6
	4.3 Niðurstöður/ábendingar	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
	5.1 Inngangur	7
	5.2 Umfjöllun	7
	5.2.1 Ferða- og dvalarkostnaður.....	7
	5.2.2 Innkaup	7
	5.2.3 Risnureikningar	7
	5.2.4 Virðisaukaskattur	7
	5.3 Niðurstöður	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
	6.1 Tekjur	8
	6.2 Launagjöld.....	8
	6.3 Annar rekstrarkostnaður og eignakaup	8
	6.4 Niðurstöður/ábendingar	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
	7.1 Eignir	9
	7.1.1 Ríkissjóður.....	9
	7.1.2 Viðskiptakröfur	9
	7.1.3 Handbært fé.....	9
	7.2 Eigið fé og skuldir	10
	7.2.1 Höfuðstóll	10
	7.2.2 Viðskiptaskuldir.....	10
	7.3 Niðurstöður/ábendingar	10
8	Önnur atriði	11
	8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda	11
	8.2 Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Tollstjóra fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjársýslu ríkisins, er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreiknings ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein nr. 46/2016 laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Tollstjóra fór fram árið 2013.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Tollstjóra fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda. Embættið fylgir þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Fjárveitingar á fjárlögum ársins 2016 námu samtals 2.565,2 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir að 395,0 m.kr. yrðu fjármagnaðar með ríkistekjum. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum og færslu ríkistekna námu samtals 2.466,4 m.kr. og voru því 98,8 m.kr. innan fjárheimilda ársins eða um 4%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Ríkistekjur	-395.000	-395.000	-485.593	90.593	-397.963
Sértekjur	-20.700	-20.700	-21.714	1.014	-18.488
Launagjöld	2.196.300	2.196.300	2.168.424	27.876	2.001.469
Önnur rekstrargjöld	727.200	727.200	738.611	-11.411	660.086
Eignakaup	57.400	57.400	66.718	-9.318	70.202
Samtals	2.565.200	2.565.200	2.466.447	98.753	2.315.306

3.2 Rekstraráætlun

Unnin er rekstraráætlun á hverju ári sem er skráð í fjárhagskerfið. Mánaðarlega er fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Tekjuafgangur nam 98,8 m.kr. en samkvæmt rekstraráætlun hafði verið gert ráð fyrir 35,0 m.kr. rekstartapi. Skýringin felst meðal annars í 84,9 m.kr. hærri tekjum af leyfis- og afgreiðslugjöldum milli ára.

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárheimilda embættisins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Embættið annast sjálft færslu bókhalds og greiðslu reikninga. Mannauðssvið embættisins sér um skráningu launaupplýsinga en Fjársýslan sér um alla launavinnslu og útborgun launa. Hjá Tollstjóra er innra eftirlit almennt virkt en ekki er þó til heildstætt yfirlit um innra eftirlit, mat stjórnenda á áhættuþáttum og reglubundnar eftirlitsaðgerðir. Verklagsreglur eru til um hluta starfseminnar, s.s. um innkaup, ferðalög og rýni stjórnenda. Aðgreining starfa við bókun og greiðslu reikninga er til staðar. Aðstoðartollstjóri, forstöðumenn sviða og yfirmenn rekstrareininga samþykkja reikninga rafrænt. Skipurit er til staðar hjá embættinu. Ákveðnir eftirlitsþættir voru prófaðir við endurskoðun ársins.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits hjá Tollstjóra.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald.

5.2 Umfjöllun

5.2.1 Ferða- og dvalarkostnaður

Verklag vegna ferða- og dvalarkostnaði er í samræmi við reglur nr. 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

5.2.2 Innkaup

Verklagsreglum um innkaup fyrir embættið er fylgt og reglum ríkisins um notkun rammamasninga Ríkiskaupa er fylgt þar sem við verður komið.

5.2.3 Risnureikningar

Frágangur á risnureikningum embættisins er í samræmi við reglur um risnuhald hjá ríkisstofnum.

5.2.4 Virðisaukaskattur

Stofnunin er ekki með virðisaukaskylda starfsemi. Bókun reikninga vegna aðkeyprar sérfræðipjónustu sem bera virðisaukaskatt til endurgreiðslu er í samræmi við reglugerð nr. 248/1990 um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

5.3 Niðurstöður

Tollstjóri fylgir lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Tekjur

Tekjur stofnunarinnar voru yfirfarnar og greindar með tilliti til breytinga milli ára og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf. Á árinu 2016 námu tekjur embættisins 507,3 m.kr. og hækkuðu um 90,9 m.kr. eða 21,8% milli ára. Stærsti tekjuliður embættisins er tollafgreiðslugjald að fjárhæð 438,1 m.kr. en auk þess hefur embættið tekjur af tollalínu, endurgreiddum ferðakostnaði, útseldri vinnu og af sameiginlegu húsnæði. Tekjur eru innheimtar í TBR innheimtakerfinu og með fyrirfram númeruðum reikningum.

6.2 Launagjöld

Launagjöld og starfsmannakostnaður nam 2.168,4 m.kr. á árinu og hækkaði um 167,0 m.kr. milli ára eða 8,3%. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Ársverk árið 2016 voru 217,6 sem er fækkun um 4,6 ársverk milli ára. Launagjöld reiknuð á ársverk námu 10,0 m.kr. árið 2016 og hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári. Hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum var 73% árið 2016. Starfsmannakostnaður var 18,0 m.kr. árið 2016 sem er nánast sama fjárhæð og á fyrra ári.

6.3 Annar rekstrarkostnaður og eignakaup

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð og leitað skýringa. Önnur rekstrargjöld árið 2016 voru 805,3 m.kr. og hækkuðu um 10,2% frá fyrra ári.

Tekið var úrtak fylgiskjala á nokkrum tegundum. Fylgiskjölin voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglu um meðferð reikninga. Ábendingum var komið á framfæri og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf og fengust fullnægjandi skýringar.

6.4 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða veltufjármuna og skammtímaskulda. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa.

Í árslok 2016 námu eignir 938,8 m.kr., skuldir námu 496,7 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 442,1 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	862.774	731.817	130.957
Viðskiptakröfur	41.168	31.485	9.683
Handbært fé	34.877	95.373	-60.495
Eignir alls	938.820	858.675	80.145
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	442.097	343.344	98.753
Skammtímaskuldir	496.723	515.331	-18.608
Eigið fé og skuldir alls	938.820	858.675	80.145

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilunum. Í árslok 2016 nam inneign Tollstjóra hjá ríkissjóði 862,8 m.kr. og hafði hækkað um 131,0 m.kr. á árinu. Sértekjur embættisins af tollgæslu og sértekjur rekstrarsviðs vegna tollalínu eru innheimtar af ríkissjóði. Árið 2016 voru þessar sértekjur samtals 474,3 m.kr.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Útistandandi kröfur um áramót námu samtals 41,2 m.kr. í árslok 2016 og hækkuðu um 9,7 m.kr. frá fyrra ári. Viðskiptakröfur voru aðallega vegna álagðra en ógreiddra krafna í TBR að fjárhæð 33,6 m.kr., stöður við greiðslukortafyrirtæki að fjárhæð 5,8 m.kr. og kröfur vegna beiðni um aðfaraheimild að fjárhæð 1,1 m.kr.

7.1.3 Handbært fé

Handbært fé var 34,9 m.kr. í lok árs 2016 en í lok árs 2015 var staðan 95,4 m.kr. Sjóðir námu 0,5 m.kr. í árslok 2016. Sjóðstalningarblað var til staðar við endurskoðun en þeir eru taldir daglega. Bankareikningar eru afstemmdir mánaðarlega við bankayfirlit. Farið var yfir bankaafstemmingar í árslok 2016.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Tollstjóra sýnir uppsafnaðan tekjuafgang/-halla gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll embættisins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 442,1 m.kr. og hafði staðan batnað um 98,8 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur rekstrarhagnaði ársins.

7.2.2 Viðskiptaskuldir

Skammtímaskuldir námu í árslok samtals 496,7 m.kr. og lækkuðu um 18,6 m.kr. frá fyrra ári. Skammtímaskuldir skiptast í innheimtufé Ríkissjóðs 134,6 m.kr., tryggingarfé 142,9 m.kr. ógreidd gjöld 70,2 m.kr. og 160,7 m.kr. eru vegna innheimtu opinbera gjalda sem er ófærðar inn í TBR í árslok. Endurskoðun leiddi í ljós að ógreidd gjöld vegna ársins 2016 voru greidd í ársbyrjun 2017.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings Tollstjóra 2016. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi embættisins.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni.



Ríkisendurskoðun – Bréttartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is